



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Byggðar á tillögu starfshóps um málefni
fyrrverandi starfsmanna HÍ á eftirlaunum sem
kynntar voru í háskólaráði 19. maí 2016.

Bls. 1 af 5

Ábm. Starfsmannasvið
Samþ. í háskólaráði
2. mars 2017
Málsnúmer: HÍ17030025

Þessar verklagsreglur byggjast á tillögu starfshóps um málefni fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum sem kynnt var í háskólaráði 19. maí 2016. Jafnframt var litið til verklags um starfslok starfsmanna Háskóla Íslands við 70 ára aldur sem var síðast endurskoðað 14.10.2015 og verklagsreglna Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sama efnis.

Verklagsreglurnar eiga við um fyrrverandi starfsmenn skólans í akademískum störfum (emerita, þ.e. prófessora, dósentar, lektora svo og vísindamenn, fræðimenn og sérfræðinga) og starfsmenn stjórnsýslu háskólans sem hætta störfum sökum aldurs eða vegna áunninna lífeyrisréttinda.

Starfsmannasvið heldur skrá yfir fyrrverandi starfsmenn Háskóla Íslands sem hafa hætt störfum vegna framkvæmdar verklagsreglna þessara.

1. Undirbúningur undir starfslok

Skömmu áður en að starfslokum kemur er starfsmönnum boðin þátttaka á námskeiði án endurgjalds um starfslok sem starfsmannasvið heldur á hverju haust- og vormisseri. Þar er farið yfir reglur skólans um starfslok og veittar upplýsingar um lífeyrismál og fleiri þætti sem geta verið gagnlegir við að undirbúa þátttakendur undir starfslok.

2. Tilkygning um starfslok starfsmanna Háskóla Íslands við 70 ára aldur

Í 2. mgr. 43. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 er kveðið á um að starfsmanni skuli jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

a. Tilkygning um starfslok akademískra starfsmanna

Mannauðsstjórar fræðasviða, fyrir hönd deildarforseta og sviðsforseta, og eftir atvikum með þátttöku þeirra, boða viðkomandi starfsmann á fund a.m.k. fjórum mánuðum áður en viðkomandi verður 70 ára eða hefur öðlast rétt til töku lífeyris samkvæmt reglum viðkomandi lífeyrissjóðs. Á fundinum er farið yfir þætti sem varða starfslok, m.a. réttindi akademískra starfsmanna á eftirlaunum eins og þeim er lýst í þessum verklagsreglum. Jafnframt er viðkomandi starfsmanni boðið að sækja námskeið um starfslok á vegum starfsmannasviðs hafi hann/hún ekki þegar sótt það.

Þremur mánuðum fyrir starfslok sendir rektorsskrifstofa (lögbundið) viðkomandi akademískum starfsmanni bréf, undirritað af rektor, með afriti til sviðs- og deildar-skrifstofu og launadeildar, þar sem fram kemur að viðkomandi ljúki störfum eftir þrjá mánuði og honum/henni er þakkað fyrir störfin.

b. Tilkygning um starfslok starfsmanna stjórnsýslu

Ef um er að ræða starfsmann stjórnsýslu fræðasviðs boðar næsti yfirmaður og mannauðsstjóri viðkomandi sviðs eða næsti yfirmaður og sviðsstjóri starfsmannasviðs ef um er að ræða starfsmann miðlægrar stjórnsýslu viðkomandi starfsmann á fund a.m.k. fjórum mánuðum áður en viðkomandi verður 70 ára eða hefur öðlast rétt til töku lífeyris samkvæmt reglum viðkomandi lífeyrissjóðs. Á fundinum er farið yfir ýmislegt er varðar starfslok, m.a. réttindi starfsmanna stjórnsýslu á eftirlaunum eins og þeim er lýst í þessum verklagsreglum. Jafnframt er viðkomandi starfsmanni boðið að sækja námskeið um starfslok á vegum starfsmannasviðs hafi hann/hún ekki þegar sótt það.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Byggðar á tillögu starfshóps um málefni
fyrrverandi starfsmanna HÍ á eftirlaunum sem
kynntar voru í háskólaráði 19. maí 2016.

Bls. 2 af 5

Ábm. Starfsmannasvið
Samþ. í háskólaráði
2. mars 2017
Málsnúmer: HÍ17030025

Premur mánuðum fyrir starfslok starfsmanna stjórnslu háskólans sendir sviðsstjóri starfsmannasviðs (lögbindið) bréf til viðkomandi starfsmanns með afriti til sviðs- og deildarskrifstofu eftir atvikum og launadeildar, þar sem fram kemur að viðkomandi ljúki störfum eftir þrjá mánuði og honum/henni er þakkað fyrir störfum.

Fastráðnu starfsfólki gefst kostur á starfsmannaviðtali þegar það lætur af störfum.

3. Lífeyrisréttindi

Starfsmanni sem lætur af störfum vegna aldurs eða áunninna réttinda er bent á að hafa í tæka tíð samband við LSR til að kynna sér lífeyrisréttindi sín og undirbúa lífeyristöku. Skila þarf útfylltri og undirritaðri umsókn til sjóðsins með góðum fyrirvara. Sjóðurinn kallar eftir skattkorti og upplýsingum um starfslok ef við á. Sjá:

<http://www.lsr.is/lifeyrir/b-deild/adsaekjaumlifeyri/>.

Lífeyrir reiknast af lokalaunum í starfi. Verk sem unnin eru eftir að taka lífeyris hefst teljast hlutaðeigandi ekki til stiga/launahækkunar. Lokalaun háskólakennara eða sérfræðings með hæfnisdóm geta hins vegar breyst ef mat á störfum á næstliðnu almanaksári fyrir lífeyristöku og/eða ef mat á störfum á því ári sem lífeyristaka hefst gefur tilefni til. Sjá nánari upplýsingar um lífeyrisrétt og reglur um launaröðun háskólakennara eftir töku lífeyris frá LSR: <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=862&f=1896>.

4. Uppgjör vegna launamála

Uppgjör vegna kennslu fer fram við starfslok. Launadeild gerir upp laun og áunnið orlof ef beiðni um slíkt kemur frá deild eða fræðasviði. Launadeild sendir tilkynningu um starfslok til LSR og nýting persónuafsláttar færist jafnframt frá Háskóla Íslands.

5. Rannsóknareikningar

Starfsmaður sér til þess að rannsóknareikningar á hans ábyrgð séu í jafnvægi og þeim lokað áður en hann lætur af störfum, nema um annað sé samið sérstaklega, m.a. vegna áframhaldandi vinnu við verkefni eða rannsóknir á vegum háskólans eftir starfslok. Ábyrgð á rannsóknareikningi eftir starfslok færist til næsta yfirmanns, sviðs, deildar eða stofnunar eftir atvikum.

6. Frágangur við starfslok

Starfsmaður skal sjá til þess að mikilvæg skjöl sem þarf að varðveita séu vistuð í Námu eða annars staðar, eftir því sem við á. Hann getur leitað aðstoðar við þetta verkefni hjá skjalasafni háskólans.

Starfsmaður rýmir og gengur frá starfsaðstöðu sinni, skilar lyklum og gengur frá fyrir síðasta starfsdag. Hann skilar tölvu- og tækjabúnaði í eigu háskólans nema um annað hafi verið samið vegna áframhaldandi vinnu við að ljúka yfirstandandi verkefnum og rannsóknum á vegum háskólans.

7. Störf þökkuð í starfslok

Mælst er til þess að deild og/eða fræðasvið kveðji starfsmann með viðeigandi hætti við starfslok og að deildarforseti/sviðsforseti sendi viðkomandi þakkir fyrir farsæl störf í þágu Háskóla Íslands.

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;">VERKLAGSREGLUR vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum</p> <p style="text-align: center;">Bygðar á tillögu starfshóps um málefni fyrrverandi starfsmanna HÍ á eftirlaunum sem kynntar voru í háskólaráði 19. maí 2016.</p>	<p>Bls. 3 af 5</p> <p>Ábm. Starfsmannasvið Samþ. í háskólaráði 2. mars 2017</p> <p>Málsnúmer: HÍ17030025</p>
---	--	--

Árlega heldur rektor boð fyrir alla sem láta af störfum vegna aldurs, þar sem þeir eru kvaddir með persónulegum hætti. Boðsbréf er sent til hvers og eins með góðum fyrirvara.

8. Réttindi allra fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Allir fyrrverandi háskólastarfsmenn á eftirlaunum geta notið eftirtalinna réttinda ef þeir óska þess:

- a. að halda háskólanetfangi sínu um ótiltekinn tíma (RHÍ),
- b. að vera á skrá (t.d. sem emeriti) yfir starfsmenn hlutaðeigandi deildar/stofnunar. Viðkomandi sé auðkenndur með *emeritus/emerita* þar sem það á við, eða fyrrverandi starfsmaður (starfsheiti) (starfsmannasvið),
- c. að halda heimasíðu sinni á vegum Háskóla Íslands ef því er að skipta (RHÍ),
- d. að birta ritsmíðar sínar í nafni Háskóla Íslands og viðkomandi deildar/stofnunar,
- e. að halda áfram að nýta sér bóka- og gagnasöfn tengd háskólanum (aðgangur RHÍ),
- f. að nýta sér íþróttaaðstöðu háskólans og taka þátt í ýmiss konar félagsstarfi sem háskólinn býður starfsfólki sínu, svo sem árshátíðum og öðrum skemmtunum á vegum hans eða einstakra deilda, starfsemi Skólabæjarhópsins o.s.frv.

Starfsmaður sem vill njóta framangreindra réttinda eftir starfslok skal gefa það til kynna á framangreindum fundi með næsta yfirmanni og starfsmannastjóra/mannauðsstjóra sem haldinn er u.þ.b. fjórum mánuðum áður en viðkomandi verður 70 ára eða lætur af störfum vegna áunnina lífeyrisréttinda. Hann getur breytt ákvörðun sinni síðar með einfaldri tilkynningu í síma eða tölvupósti til starfsmannasviðs.

9. Áframhaldandi þátttaka akademískra starfsmanna í háskólastarfi eftir starfslok

Margir starfsmenn háskólans sem láta af störfum eru í fullu fjöri og við góða heilsu. Margir eru virkir í rannsóknum og vilja vinna áfram að verkefnum sem þeir hafa unnið á vettvangi skólans og sjá fram á að geta sinnt þeim áfram. Jafnframt vilja þeir gjarnan leggja sitt af mörkum við þróun fags síns eftir formleg starfslok. Háskóli Íslands vill nýta þekkingu fyrrverandi akademískra starfsmanna og reynslu með ýmsum hætti eftir starfslok og um leið hvetja þá til virkrar þátttöku í háskólastarfinu.

Ákvörðun um áframhaldandi störf akademískra starfsmanna eftir starfslok er í höndum deildarforseta eða formanns stjórnar stofnunar með samþykki forseta viðkomandi fræðasviðs.

Við mat á áframhaldandi störfum akademískra starfsmanna eftir starfslok skal eftirfarandi haft til hliðsjónar: a) hefur viðkomandi áhuga og getu til að sinna áfram rannsóknum sínum, b) hefur viðkomandi verið virkur í rannsóknastarfi undangengin misseri og c) hversu líklegt er talið að viðkomandi nái árangri í rannsóknum sínum og eftir atvikum öðrum störfum til hagsbóta fyrir deild sína og fræðasvið.

a. Rannsóknastig og mótframlag

Rannsóknastig akademískra starfsmanna á eftirlaunum eru talin með í deililíkani háskólans og hafa þar með áhrif á skiptingu fjár milli fræðasviða og deilda. Um „mótframlög“ vegna styrkja sem akademískur starfsmaður á eftirlaunum aflar gilda sömu reglur og um önnur mótframlög innan háskólans.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR vegna málefna fyrirverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Byggðar á tillögu starfshóps um málefni
fyrirverandi starfsmanna HÍ á eftirlaunum sem
kynntar voru í háskólaráði 19. maí 2016.

Bls. 4 af 5

Ábm. Starfsmannasvið
Samþ. í háskólaráði
2. mars 2017

Málsnúmer: HÍ17030025

b. Tímabundnir samningar um verkefni og aðstöðu

Til að nýta þekkingu og reynslu akademískra starfsmanna á eftirlaunum til annarra verkefna er fræðasviðum, deildum eða eftir atvikum stofnunum heimilt að gera tímabundna samninga við þá.

Slíkir samningar eru gerðir til eins árs í einu og endurskoðaðir árlega. Þeir geta tekið til eftirtalinna atriða (sjá nánar í meðfylgjandi sýnishorni af samningi):

- i. leiðbeiningar meistaranema,
- ii. setu í doktorsnefnd,
- iii. að ljúka leiðbeiningu doktorsnema,
- iv. kennslu,
- v. stjórnunar, ráðgjafar og trúnaðarstarfa af ýmsu tagi,
- vi. vinnuaðstöðu (t.d. vegna rannsókna eða samskipta við nemendur). Að öllu jöfnu er miðað við vinnuaðstöðu í opnu rými en það fer eftir aðstæðum hverju sinni,
- vii. þjónustu Reiknistofnunar háskólans (t.d. vegna varðveislu rannsóknagagna og tölvuþjónustu),
- viii. aðgangs að sérhæfðri rannsóknaaðstöðu (t.d. tilraunastofu eða rannsóknastofu),
- ix. pósthjónustu, ljósritunar o.s.frv. í samræmi við þær reglur sem gilda um fasta starfsmenn á viðkomandi sviði,
- x. setu í valnefndum og dómnefndum vegna umsókna um akademísk störf.

Tímabundinn samningur við fyrirverandi akademískan starfsmann háskólans eftir starfslok gefur honum ekki rétt til setu á deildarfundum. Deildarfundur viðkomandi deildar þarf að taka sérstaka ákvörðun um það. Slík ákvörðun er ávallt bundin við málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Akademískir starfsmenn á eftirlaunum sem gera tímabundna samninga við háskólann um rannsóknaaðstöðu skv. 9. b. skulu sýna fram á virkni í rannsóknum og birta verk sín í nafni háskólans og viðkomandi deildar/stofnunar.

10. Störf starfsmanna í stjórnsýslu Háskóla Íslands eftir starfslok

Heimilt er að gera tímabundna samninga um afmörkuð verkefni við fyrirverandi starfsmenn stjórnsýslu á eftirlaunum. Enn fremur er heimilt að skipa fyrirverandi starfsmenn í stjórnsýslu í starfshópa á vegum háskólans, þar sem sérþekking þeirra nýtist.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR

vegna málefna fyrirverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Byggðar á tillögu starfshóps um málefni fyrirverandi starfsmanna HÍ á eftirlaunum sem kynntar voru í háskólaráði 19. maí 2016.

Bls. 5 af 5

Ábm. Starfsmannasvið
Samþ. í háskólaráði
2. mars 2017
Málsnúmer: HÍ17030025

Samkomulag deildar/stofnunar og fræðasviðs við akademískan starfsmann á eftirlaunum eða fyrirverandi starfsfólk stjórnáslu um verkefni og aðstöðu

Sýnishorn

1. Rannsóknir

NN sinnir áfram eftirtöldum rannsóknaverkefnum á vegum deildar/stofnunar:
Yfirlit um rannsóknaverkefni sem NN hyggst sinna á samningatímanum: xxx
NN birtir niðurstöður rannsókna sinna í nafni Háskóla Íslands og viðkomandi deildar/ stofnunar.

2. Kennsla og leiðbeining

NN leiðbeinir meistaránemunum XX, YY ...
NN situr í doktorsnefnd XX, YY ...
NN er aðalleiðbeinandi doktorsnemanna XX, YY ...
NN sinnir kennslu í námskeiðinu XX ...
Sérstaklega er greitt fyrir þessi störf í samræmi við kjarasamning við Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Greitt er í samræmi við þann launaflokk sem NN var í þegar hann lauk störfum. Greitt er samkvæmt dagvinnutaxta 0,615% af þeim launaflokki sem viðkomandi var þegar hann hætti störfum. Um laun fyrirverandi starfsfólks í stjórnáslu gildir að miðað er við þau laun sem viðkomandi var á við starfslok.

3. Stjórnun og ráðgjöf

NN situr í nefnd um XX ...
Sérstaklega er greitt fyrir umfangsmikil stjórnunarstörf.

4. Aðstaða

NN hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu á vegum XX-deildar/stofnunar. Deildin/stofnunin stendur straum af kostnaði við þessa aðstöðu samkvæmt þeim reglum sem gilda að öðru leyti um aðstöðu starfsmanna. Aðstaðan felur í sér skrifborð, stól, bókahillu, tölvu, tölvuþjónustu, síma, umsýslu vegna rannsóknareiknings og bókhaldsþjónustu.

Sérstaklega skal tiltekið hér ef samkomulagið veitir aðgang að rannsóknatækjum, rannsóknarými, geymslurými fyrir gögn og sýni eða annarri sérhæfðri rannsóknnaaðstöðu.

5. Rannsóknareikningur

Kostnaður við rannsóknir greiðist af rannsóknareikningi xxxx.
Um rannsóknareikninga gildir að ekki er heimilt að stofna til útgjalda umfram innistæðu.

6. Tryggingar á ferðalögum

Þar sem viðkomandi er ekki lengur starfsmaður Háskóla Íslands er hann ekki tryggður sem slíkur og því þarf hann að kaupa sér tryggingar sjálfur.

7. Gildistími

Samkomulag þetta gildir til eins árs frá undirritun.

Undirritað af:

fyrirverandi starfsmanni, deildarforseta og forseta fræðasviðs.